# IV. Samhæfing og ávinningur
# Ávinningur af rafrænni skráningu

*Sigríður Haraldsdóttir*
*framkvæmdastjóri heilbrigðistölfræðisviðs*
*Landlæknisembættinu*

# Samhæfing

- Samhæfing og ávinningur
- Ávinningur af “samhæfingu”

- **Samhæfa þarf:**
  - Hvað er skráð
  - Hvernig skráð (skilningur á hugtökum)
  - Hvernig notað
  - Hvernig skipst er á gögnum

# Ávinningur

- Hraði
- Aðgengi
- Samnýting og margnýting á gögnum
- Auknir vinnslumöguleikar
- Hjálpartæki við stöðlun á verklagi og skráningu
- Betri þjónusta við einstaklinga
- Betri og hagkvæmari heilbrigðisþjónusta
- Stuðlar að auknum lífsgæðum

# Rafræn skráning – gögn - auðlind

- Margskonar notkunarmöguleikar
  - Meðferð
  - Forvarnir
  - Gæðamat
  - Árangursmat
  - Meta öryggi þjónustunnar
  - Stjórnun
  - Stefnumörkun
  - Áætlanagerð
  - ***Því meira sem við leggum í þetta starf því meiri verðmæti sköpum við með rafrænni skráningu***

# 21. öldin

- Höfum við sýn inn í 21. öldina?
- Höfum við öll sömu sýnina?
- Er hún skjalfest?





Landlæknisembættið
Directorate of Health



Heilbrigðisþjónusta
Á stofnunum
Sólarhringssjúklingar
legudeildir
Ferlisjúklingar
dagdeildir/göngudeildir
Skráning
Utan stofnana
Ferlisjúklingar
heilsugæslustöðvar
sjálfst. starfandi
Skráning
Úrvinnsla
Úrvinnsla
Fyrirmæli og leiðbeiningar um skráningu
Gögn úr skráningu
Gögn úr skráningu
Alþjóða-stofnanir
Gagnagrunnar
Samanburður við önnur lönd
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
Stjórnun
Stefnumörkun
Áætlanagerð
Fjármagn
Landlæknisembættið
Eftirlit
Fyrirmæli/leiðbeiningar
Tölfræði/rannsóknir
Úrvinnsla, greining
Tryggingast.
Eftirlit með greiðslum
Aðrar stofn.
Lyfjastofnun
Vinnueftirlitið
Almenningur
Upplýsingar og fræðsla

# Upplýsingasamfélagið – ný stefna ríkisstjórnar

**Meginmarkmið:**

- **Tækifæri**. Aukin verði tækifæri einstaklinga og fyrirtækja til að miðla og sækja þekkingu, eiga samskipti og stunda viðskipti hvar sem er og hvenær sem er.
- **Ábyrgð**. Forystumenn á öllum sviðum samfélagsins axli ábyrgð og vinni saman að því að upplýsingatæknin sé nýtt í þágu borgaranna og ólíkir einstaklingar geti fært sér hana í nyt.
- **Öryggi**. Tryggður verði aðgangur fólks og fyrirtækja að traustu háhraðaneti á samkeppnishæfu verði. Öryggi upplýsinga og friðhelgi einkalífs verði höfð að leiðarljósi í þróun upplýsingasamfélagsins.
- **Lífsgæði**. Stuðlað verði að auknum lífsgæðum og auðugra mannlífi með því að nýta möguleika upplýsingatækninnar í menntun, menningu, heilbrigðismálum og á öðrum sviðum samfélagsins.

# Heilbrigðisþjónusta

- 1. Stefnt verði að því að heilbrigðisnetið, sem tengir saman heilbrigðisstofnanir og gerir m.a. fjarlækningar mögulegar, verði komið í fullan rekstur fyrir árslok 2006.
- 2. Tekin verði markviss skref varðandi innleiðingu á rafrænni sjúkraskrá fyrir alla heilbrigðisþjónustu, jafnt á sjúkrastofnunum sem á heilsugæslustöðvum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Fram fari kostnaðarmat og fyrir liggi framkvæmdaáætlun árið 2004.
- 3. Komið verði á rafrænum viðskiptum milli Tryggingastofnunar ríkisins og heilbrigðisstétta (sérfræðilækna, sjúkraþjálfara, tannlækna o.s.frv.) eigi síðar en árið 2005.
- 4. Komið verði á rafrænum samskiptum milli Tryggingastofnunar ríkisins og almennings. Allar helstu gerðir þjónustu verði aðgengilegar á Netinu eigi síðar en árið 2006.
- 5. Gerð verði úttekt á möguleikum þeirra sem búa við skerta færni til að nýta sér upplýsingatækni í samskiptum sínum við heilbrigðiskerfið. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti standi fyrir slíkri úttekt á árinu 2004.

**Ábyrgð: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti ber ábyrgð á ofangreindum verkefnum.**

# Auðlindir í allra þágu

"Ein forsenda lýðræðislegra stjórnarhátta er að einstaklingum sé gert kleift að fylgjast með og kynna sér athafnir og starfsemi þeirra stofnana sem reknar eru í þágu almennings. Það auðveldar hverjum og einum að mynda sér skoðun á viðfangsefnum stjórnvalda á hlutlægum grundvelli og veita þeim aðhald.

....og áfram er haldið....

Innleiðing rafrænnar stjórnsýslu tekur langan tíma, kostar mikið fé og útheimtir nokkra endurskipulagninu á stjórnsýslunni. Þegar til lengri tíma er litið þá er rafræn stjórnsýsla þó tvímælalaust hagsmunamál skattgreiðenda sem fá betri þjónustu fyrir lægra verð."

***Auðlindir í allra þágu***. *Stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004-2007, Forsætisráðuneytið 2004, bls. 6.*

# Umræða í samfélaginu

- Dæmi:
- **Heilbrigðisútgjöld**, um hvað snerist umræðan í raun og veru?

OECD

EuroStat
EUROPEAN DISTRIBUTORS OF STATISTICAL SOFTWARE

Hagstofa Íslands

# Stefna Landlæknisembættisins

Þessi grundvallaratriði móta sýn okkar hjá Landlæknisembættinu á því hvernig við rækjum skyldur okkar skv. lögum um heilbrigðisþjónustu og hvernig við byggjum upp heilbrigðistölfræði hjá embættinu.

# Hlutverk landlæknis

- **Tilgangur skráningar, gagnasöfnunar og úrvinnslu**
- Að draga saman upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu sem nauðsynlegar eru til stjórnunar, eftirlits, stefnumörkunar og áætlanagerðar heilbrigðisyfirvalda.

- Upplýsingar byggja á gögnum úr reglulegri skráningu heilbrigðisstarfsmanna og söfnun og úrvinnslu gagna hjá til þess bærum stofnunum

- **Hlutverk landlæknis**
- Að vinna upplýsingar úr gögnum um heilsufar landsmanna og notkun þeirra á heilbrigðisþjónustu.  Þessar upplýsingar eiga að leggja grunninn að eftirliti, stjórnun, stefnumörkun og áætlanagerð.
- Landlæknir gefur heilbrigðisstarfsmönnum og stofnunum fyrirmæli um lágmarksskráningu þeirra.

# Landlæknisembættið-heilbrigðistölfræði

- ***Markmið:***
- Að hafa handbærar nýjar, nákvæmar og áreiðanlegar tölulegar upplýsingar úr heilbrigðiskerfinu sem verði leiðbeinandi í stefnumótum og aðgerðum í heilbrigðiskerfinu og stuðla þannig að bættri heilsu Íslendinga og betri nýtingu fjármuna.

- Ýta undir betri nýtingu á þeirri heilbrigðistölfræði sem er til á hverjum tíma (meiri notkun – betri gögn)

- Gera íslenska heilbrigðistölfræði aðgengilegri. Upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar þegar á þarf að halda og þeim sem á þarf að halda.

- Íslensk heilbrigðistölfræði skal vera sambærileg við það besta sem þekkist í aðildarlöndum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar.

# Vöruhús heilsufarsgagna

- Gögn sem snerta heilsufar á einn stað
- Skilgreina mælikvarða
- Samræma skráningu
- Samstarfsverkefni margra stofnana, s.s. Landlæknis, Hollustuverndar, Tryggingastofnunar, Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Krabbameinsfélagið, Hjartavernd, Hagstofa, Þjóðhagsstofnun, Veðurstofan, Vegagerðin.
- Aðgengilegt á netinu
- Bjóða upp á fyrirspurnir
- Skilgreina víddir
- Möguleg framsetning í landupplýsingakerfi

- Notendur: Almenningur, skólar, stjórnvöld, heilbrigðisstarfsmenn og sveitarfélög.

# Verum samferða

